

| | |
|--|----------|
| 9. Fueloía, pr. 100 kg | kr. 3.00 |
| 10. Hráoía, steinloía, benzín, pr. 100 kg | — 3.50 |
| 11. Kjöt, pr. 100 kg | — 3.50 |
| 12. Fiskumbúðir, pr. 100 kg | — 3.50 |
| 13. Skreið, pr. 100 kg | — 3.50 |
| 14. Línur, ónglar, net, nætur, pr. 100 kg..... | — 4.00 |
| 15. Smurningsolíur, pr. 100 kg | — 4.00 |
| 16. Málning, pr. 100 kg | — 6.00 |
| 17. Hreinlætisvörur, pr. 100 kg | — 8.00 |
| 18. Kaffi, pr. 100 kg | — 12.00 |
| 19. Ávextir, pr. 100 kg | — 8.00 |
| 20. Rúðugler, pr. 100 kg | — 12.00 |
| 21. Vefnaðarvörur, pr. 100 kg | — 20.00 |
| 22. Tóbak, pr. 100 kg | — 40.00 |
| 23. Timbur, pr. teningsfet | — 0.60 |
| 24. Tómar tunnur, pr. stk. | — 1.20 |
| 25. Saltsild, pr. tunnu | — 2.50 |
| 26. Aflagjöld af sild og öðrum fiski, pr. 100 kg | — 0.80 |
| 27. Aðrar vörur sem reiknast eftir þunga, pr. 100 kg | — 4.00 |

Minnsta gjald í hverjum flokki er kr. 2.50

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139 30. júlí 1957, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún nr. 82 10. apríl 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólmskaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhendingu í Lundaklett.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni. Hver nýkjörin

hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn, þrjá menn í hafnarnefnd og ákveður jafnframt formann hennar. Skal jafnan einn nefndarmanna vera hreppsnefndarmaður. Þá kýs og hreppsnefnd þrjá varamenn. Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, eingöngu varið í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra. Reikningar hafnarinnar skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

3. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeim starfsmönnum öðrum, er hann setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af hafnarverði eða mönnum hans, getur sá hinn sami kært það til hafnarnefndar, en skipun hafnarvarðar og manna hans ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er á að fermingu eða affermingu eldfimra efna.

Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, olíu, ösku, kolum, vírum, fiskúrgangi, fiskilóðum eða yfirleitt neinu við hafnarmannvirkin eða í innri höfninni. Skal það flutt þangað, sem hafnarvörður vísar til.

8. gr.

Enginn má reisa mannvirki eða gera jarðrask með grjótnámi eða öðru meðfram strandlengju hafnarinnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar.

Ekki má heldur smíða skip, né þetta eldri skip á landi hafnarinnar, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum, er hún setur. Bannað er að leggja skip í hafnarfjöruna eða láta skip standa við bryggjurnar um fjöru, nema með leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar.

9. gr.

Öll veiði með skotum er stranglega bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skoti á innri höfninni eða á landi hennar.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skal þeim í hvert skipti skylt að hlíta boði hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar, um hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggjum, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða hátum má eigi leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður við að hlýða boði hafnarvarðar eða starfsmanni hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

11. gr.

Í öllum skipum, að undanteknum þeim, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum í bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef kræfzt er.

13. gr.

Sérhver skemmd, sem verður á bryggjum, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bæta af viðkomandi skipi. Áhöld þau, er fylgja hafnarmannvirkjunum, er öllum óheimilt að nota, nema leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar komi til.

14. gr.

Skip hafa rétt til að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur skip liggi við hana, og verða þau þá að víkja burt, meðan hin fá afgreiðslu.

15. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

16. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI

Um lestagjöld.

17. gr.

Öll skip og bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni eða við bryggju í höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjaldið af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum og brotum sleppt.

18. gr.

Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna í Stykkishólmi og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutnings, þó ekki millilandasiglinga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Stykkishólmi a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári sem hér segir:

- a) Öpnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 100.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja brúttórúmllest. Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 200.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja brúttórúmllest.
- b) Innland fiskiskip greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnar.
- c) Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnargjaldi) skulu greiða kr. 1.20 fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiða þó aðeins kr. 0.60 fyrir hverja nettórúmllest.
- d) Undanþegin greiðslu lestagjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóttjóns, er sannast í sjóprófi.
- e) Liggi skip lengur í höfninni en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lestagjald að nýju, fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VI. KAFLI

Um ljósagjald.

19. gr.

- Öll skip, sem greiða lestagjald, skulu samtímis greiða ljósagjald sem hér segir:
- a) Skip, sem getur um í a-lið 10. gr., greiði kr. 50.00 á ári fyrir fyrstu 30 brúttórúmllestirnar og kr. 1.00 af hverri brúttórúmllest þar fram yfir. Bátar undir 12 brúttórúmllestum greiði kr. 20.00 á ári. Gjald dagi er 1. júlí.
 - b) Skip, sem getur um í b-lið 18. gr., greiði ljósagjald í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald, kr. 10.00 fyrir fyrstu 30 brúttórúmllestirnar og kr. 0.20 fyrir hverja brúttórúmllest þar fram yfir.
 - c) Öll önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja nettórúmllest, þó aldrei lægra en kr. 30.00 í hvert skipti.

VII. KAFLI

Um bryggjugjöld.

20. gr.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmllestum, en brotum skal sleppt. Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a) Skip, sem um getur í a-lið 18. gr., greiði kr. 6.00 af hverri brúttórúmllest á ári. Bátar undir 12 rúmllestum greiði kr. 30.00 á ári. Gjaldldagi er 1. júlí.
- b) Skip, sem um getur í b-lið 18. gr., greiði kr. 0.50 af hverri brúttórúmllest í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald. Bátar undir 12 rúmllestum brúttó, greiði kr. 10.00 í hvert skipti.
- c) Öll önnur skip greiði kr. 0.50 af hverri brúttórúmllest. Innland vöru- og farþega-skip greiði kr. 0.40 af hverri nettórúmllest. Bryggjugjald miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.
- d) Undanþegnir bryggjugjaldi eru opnir bátar, sem eingöngu eru notaðir til heimilisparfa á bændabýlum í nágrenni Stykkishólms.

VIII. KAFLI

Vörugjöld.

21. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eða affermdar eru á höfninni, svo og afla, lögðum á land, með þeim undantekningum, sem getur í næstu grein.

22. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til hleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið í farmskrá, greiðist ekkert gjald.

23. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b) Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- c) Vörur, sem fluttar eru úr varðskipi, björgunarskipi, eða í þau.

24. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldur að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða hafnarverði ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörur eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeim tegundum, sem hæst gjald skal greiða af.

Skýlt er skipstjóra eða afgreiðslumanni skipa að afhenda hafnarnefnd eða hafnarverði afrit af farmskrá skipsins innan sólarhrings eftir komu þess.

25. gr.

Vörugjaldskrá.

Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður, fódurvörur.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Allur fiskur upp úr sjó, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.

3. flokkur. Gjald kr. 2.80 fyrir hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir og önnur sekkjavara ótalin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Vikursteinn, vikurplötur, þilplötur til bygginga, vatnsrör og miðstöðvarrör, steypujárn, þakjárn, efni til múrhúðunar, og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar. Kjöt, gærur, húðir, ull, mör og aðrar landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Allar hraðfrystar sjávarafurðir, saltfiskur, fiskimjöl, lýsi, breunsluolíur allar, smurolíur, smurfeiti og benzín. Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvar, saumur, gólfúkur og annað linoleum, máln-ingarvörur, smjör, smjörlíki, sápur, þvottaefni, og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætur, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, kókó, leirvörur og búshöld alls konar, pappírsvörur, og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af eftir þyngd, en ekki geta fallið undir aðra vöruflokka.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbak, sælgæti, öl og gosdrykkir, og aðrar munaðarvörur, sem ekki eru taldar annars staðar.
8. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.
9. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hverja tunnu:
Saltsíld, gota og aðrar sjávarafurðir, kjöt og aðrar landbúnaðarvörur.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tóma tunnu.
11. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður og alls konar timburvara, svo og öll önnur vara, sem reiknuð er eftir rúmmáli í flutningi, þar með talin húsgögn, einangrunarplötur og því um líkt.
12. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hverja kind, og kr. 25.00 fyrir stórgrip.

IX. KAFLI

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða af hverri nettórúmmlest skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring kr. 0.50, þó aldrei minna en kr. 20.00.

Heimilt er hafnarnefnd að undanþiggja þessu gjaldi skip, sem eiga heimilisfang í Stykkishólmi.

27. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða kr. 1.00 fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stór stykki fer eftir samkomulagi.

28. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald fyrir leigu að aðstöðu, sem ákveðið verður í samningi.

29. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi og fara eiga til hafna innan Breiðafjarðar, greiðist hálfvörugjald.

30. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

X. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

31. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu hafnargjalda eða ræður mann til þess og skal greiða gjöldin til innheimtumanns eða á skrifstofu hafnarnefndar.

32. gr.

Skipstjóri, formaður eða skipaafgreiðslur bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum unz hafnargjöld eru greidd, og í vörum fyrir vörugjöldum. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer úr höfninni.

33. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 25. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans í Stykkishólmi og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum.

Hafi skip eða bátar ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, en vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð.

Öll skipagjöld, er reglugerð þessi kveður á um, skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og gengur það í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningur verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skulu þeir það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krefst yfirmats, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemi 10% af hinn ákveðnu skaðabótupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

36. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

38. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 66 9. maí 1951, fyrir Stykkishólmskaupþún.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.**

Fasteignaskatt í Kolbeinsstaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.